

Reykjavík 25. janúar 2000.

## Fornleifavernd er umhverfisvernd

### Núverandi skipan:

- Fornleifamálin heyrir Þjóðminjasafn Íslands og menntamálaráðuneyti.
- Á Norðurlöndum og víðar í Evrópu heyrir fornleifavernd undir umhverfisvernd.

### Hvað er til ráða:

- Aðskilja fornleifamálin frá Þjóðminjasafni.
- Flytja fornleifamálin undir umhverfisráðuneyti.


### Það kallar á:


- Breytingar á núgildandi þjóðminjalögum.
- Stofnun miðstöðvar sem sinnti fornleifamálum landsins.

### Kostir:

- Þjóðminjasafn styrkist sern safnastofnun:
  - Sýningarstarfsemi eflid.
  - Markvissari safnkennsla.
  - Markviss forvarsla safngripa.
  - Bætt varðveisla gripa – geymsluaðstaða.
  - Aukið fjölpjóðlegt samstarf á safnasviði.
- Stofnun öflugrar fornleifafræðimiðstöðvar:
  - Efling rannsókna á sviði fornleifafræði.
  - Markviss, samræmd, skráning fornleifa - gagnasafn.
  - Faglegt mat á verndun fornleifa.
  - Tengsl kennslu og rannsókna í fornleifafræði.
  - Lögboðin umsögn varðandi skipulagsmál og mat á umhverfisáhrifum.
  - Aukið fjölpjóðlegt samstarf á sviði fornleifaverndar - umhverfisverndar

Virðingarfyllst,  
stjórn Fornleifafræðingafélags Íslands

  
Bjarni F. Einarsson

  
Margrét Hermanns Auðardóttir

  
Steinunn Kristjánsdóttir

# FORNLEIFAFRÆÐIMIÐSTÖÐ ÍSLANDS

## Rannsókn- og þjónustumiðstöð

### Gagnasafn yfir fornleifar landsins

Stafrænt kortasafn

Bókasafn

#### Starfsmenn:

- *forstöðumaður*
- *fornleifafræðingur* sem hefði eftirlit með verkefnum sem varða neyðaruppgrefti, rannsóknaverkefni og skráningu fornleifa.
- *fornleifafræðingur* sem fylgdi eftir verndun fornleifa vegna mats á umhverfisáhrifum, skipulagsúttekta eða annars sem gæti falið í sér röskun fornleifa.
- *tímabundin rannsóknarstaða* í fornleifafræði / Eldjárnsstaða.
- *fornleifaverðir* á landsbyggðinni sem væru starfsmenn miðstöðvarinnar.

➤ flest þessara stöðugilda eru fyrir hendi í kerfinu.

Vinnuaðstaða fyrir:  
kennara og sérfræðinga  
í fornleifafræði við  
Háskóla Íslands.

Fundaraðstaða fyrir:  
*fornleifanefnd*, sem eftir sem áður  
veitti leyfi til fornleifarannsókna

ATH: Tryggja mætti fastan tekjustofn miðstöðvarinnar með lögboðnum umsagnarskyldum (mat á umhverfisáhrifum – skipulagsmál). Miðstöðin gæti verið hluti af stærri heild ásamt náttúruvernd og húsaveind, t.d. undir Náttúru- og minjavernd ríkisins eða Umhverfisvernd ríkisins.

Til hv. menntamálaráðherra  
Björns Bjarnasonar  
Menntamálaráðuneyti  
101 Reykjavík


Reykjavík 04.09.2000

### Um fornleifavernd sem umhverfisvernd

Fyrir á árinu var ætlunin að kynna yður auk umhverfisráðherra hjálögða tillögu stjórnar Fornleifafræðingafélags Íslands, en tillagan miðar að því að eftirlitið með verndun fornleifa heyri undir umhverfismál í samræmi við þróunina í nágrennalöndunum og víðar í Evrópu. Þar sem ekki reyndist unnt að fá viðtalstíma hjá yður ákvað stjórnin að halda að sér höndum varðandi frekari dreifingu tillögunnar. Við teljum samt sem áður mikilvægt að kynna yður tillöguna í ljósi þess að umhverfisráðherra veitti okkur viðtal fyrir á þessu ári þar sem hún var kynnt.

Með tilvísan í fyrirhugaðar breytingar á núgildandi þjóðminjalögum sem þjóðminjavörður kynnti á safnmannalista "Félags íslenskra safnmanna" fyrir í sumar, er ekki ætlunin að þessu sinni að færa fornleifavörsluna og/eða húsafriðun undir umhverfismál. Hjálögð tillaga miðar einnig að því að fornleifavarslan verði aðskilin frá þjóðminjasafni og þar af leiðandi teljum við það mikilvægan áfanga að slíkur aðskilnaður sé í deiglu af menntamálaráðuneytis hálfu.

Virðingarfyllt,



Margrét Hermanns Auðardóttir,  
f.h. stjórnar Fornleifafræðingafélags Íslands  
Pósthólf 7345, 127 Reykjavík